

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 14. júlí 2017 í málinu nr. E-3208/2015:

Þrotabú Harlem ehf.

(Ásgeir Þór Árnason hrl.)

gegn

Coca-Cola European Partners Ísland ehf.

(Heimir Örn Herbertsson hrl.)

Dagnýju Ósk Aradóttur Pind og

(Ólafur Hvanndal Ólafsson hdl.)

Steindóri Grétari Jónssyni

(Ólafur Hvanndal Ólafsson hdl.)

Mál þetta var höfðað af þrotabúi Harlem ehf. þann 28. september 2015 gegn Vífilfelli hf., [...], en 25. september 2015 gegn stefndu Dagnýju Ósk Aradóttur Pind, [...] og Steindóri Grétari Jónssyni, [...]. Málið var dómtekið í lok aðalmeðferðar 2. júní sl. Við upphaf aðalmeðferðar upplýsti lögmaður stefnda Vífilfells hf. að félagið hefði breytt um nafn og hétu nú Coca - Cola European Partners Ísland ehf. í dómnum verður þó fram að niðurstöðu fjallað um stefnda sem Vífilfell.

Stefnandi gerir þá kröfu að rift verði með dómi greiðslu á skuld Harlem ehf., við stefnda Vífilfell hf. að fjárhæð samtals 12.451.379 krónur sem fór fram með afhendingu eða sölu til 22 niðri ehf. á rekstri veitingarstaðarins Harlem ásamt aðstöðu, nafni og réttindum, sem og öllum birgðum á staðnum, innréttingum og tækjum, gegn því að móttakandi verðmætanna, félagið 22 niðri ehf., yfirtæki m.a.

skuld Harlem ehf. við stefnda Vífilfell hf. tilgreindrar fjárhæðar sem hluta kaupverðs, en 22 niðri ehf. greiddi fjárhæðina beint til stefnda í formi lánsammans þann 25. júní 2014 á grundvelli kaupsamnings dags. 1. apríl 2014.

Þá kveðst stefnandi krefjast þess aðallega að stefndu verði dæmd sameiginlega til að greiða stefnanda 12.451.379 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 25. júní 2014 til greiðsludags. Til vara að stefndu verði dæmd sameiginlega til að greiða stefnanda 3.061.450 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af 612.290 krónum frá 15. júlí 2014 til 15. október 2014, af 1.224.580 krónum frá 15. október 2014 til 15. janúar 2015, af 1.836.870 krónum frá 15. janúar 2015 til 15. apríl 2015, af 2.449.160 krónum frá 15. apríl 2015 til 15. júlí 2015 og af 3.061.450 krónum til greiðsludags.

Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefndu sameiginlega.

Stefndu krefjast öll sýknu. Þá krefjast þau málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefndu kröfðust öll í fyrstu frávísunar málsins en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði dómsins 18. mars 2016.

I.

Stefnandi, sem var félag stofnað um rekstur skemmtistaðarins Harlem við Tryggvagötu í Reykjavík, var tekinn til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 7. janúar 2015. Frestdagur við skiptin er 28. október 2014. Innköllun birtist fyrri sinni 15. janúar 2015 og kröfulýsingarfresti lauk 15. mars 2015. Fyrsti skiptafundur var haldinn 31. mars 2015.

Viðskiptasamband Harlem ehf. og stefnda Vífilfells hf. hófst 12. desember 2012, þegar gerður var viðskiptasamningur vegna reksturs á veitingastaðnum. Vegna rekstrarerfiðleika Harlem ehf. á fyrri hluta ársins 2014 varð greiðsludráttur á viðskiptaskuldum við stefnda Vífilfell hf. Stefndi kveðst þó ekki hafa áttað sig á alvarleika málsins fyrr en upplýsingar bárust um að forsvarsmenn Harlem ehf. vildu hætta rekstri. Vegna framangreindra samningsskuldbindinga og yfirtökuréttar stefnda á því húsnæði sem veitingastaðurinn var rekinn í þurfti að koma til samþykki stefnda fyrir aðilaskiptum á húsaleigusamningnum. Stefndi Vífilfell hf. gerði aðilum ljóst að slíkt samþykki yrði ekki veitt nema nýr rekstraraðili tæki yfir þær skuldbindingar sem Harlem ehf. hafði stofnað til við hann.

Þann 1. apríl 2014 var undirritaður kaupsamningur f.h. Harlem ehf. við félagið 22 niðri ehf., um kaup þess félags á rekstri Harlem ehf. Hið selda var tilgreint sem rekstur veitingastaðar Harlem ehf. ásamt réttindum. Einnig allar birgðir á staðnum, innréttingar og tæki. Í samningnum kom fram að hluti kaupverðsins væri greiddur með yfirtekinni viðskiptaskuld við Vífilfell hf. að fjárhæð 12.451.379,00 krónur.

Í þessu fólst að 22 niðri ehf. tók yfir lánessamning stefnanda að fjárhæð 8.734.721 króna og almenna viðskiptaskuld að fjárhæð 3.716.658 krónur.

Stefndi Vífilfell hf. gerði nýjan lánessamning við 22 niðri ehf. til fimm ára þann 25. júní 2014. Félagið 22 niðri ehf. hefur nú þegar greitt stefnda Vífilfelli hf. 3.061.450 krónur af þessu nýja láni.

Til tryggingar á öllum kröfum stefnda Vífilfells ehf. á hendur Harlem ehf., undirrituðu stefndu Dagný Ósk Aradóttir Pind og Steindór Grétar Jónsson yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð og náði ábyrgðin til 15.000.000 króna.

Með bréfi til stefnda Vífilfells hf., 10. ágúst 2015, rifti skiptastjóri ofangreindri greiðslu á skuld stefnanda en kröfum búsins var hafnað með bréfi lögmanns Vífilfells hf. 2. september 2015.

Hvorki stefndi Vífilfell hf. né aðrir stefndu lýstu kröfu í þrotabúið.

Stefndu Dagný Ósk og Steinþór Grétar fullyrða að skiptastjóri hafi aldrei óskað eftir skýringum frá þeim vegna greiðslna af áðurgreindu skuldabréfi og þeim þannig fyrst orðið kunnugt um kröfur stefnanda eftir að stefnur voru birtar á lögheimilum þeirra þann 25. september 2015.

II.

Stefnandi telur almenn skilyrði til riftunar fyrir hendi. Ljóst sé að nái riftun fram að ganga aukist möguleikar kröfuhafa á að fá fullnustu krafna sinna og einnig sé ljóst að greiðsla til stefnda Vífilfells hf. á skuld Harlem ehf. hafi ekki verið í samræmi við greiðslur til annarra kröfuhafa og hafi því leitt til mismununar kröfuhafa og orðið félaginu til tjóns.

Stefnandi byggir kröfu um riftun á því að greiðsla á skuld Harlem ehf. við stefnda Vífilfell að fjárhæð 12.451.379 krónur hafi verið innt af hendi 25. júní 2014 með því að stefndi Vífilfell hf. hafi í raun tekið við greiðslunni í formi skuldaviðurkenningar nýs aðila, 22 niðri ehf., og því hafi hún farið fram á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, sem var þann 28. október 2014. Félagið 22 niðri ehf. hafi þannig gert lánsamning við stefnda Vífilfell vegna greiðslu skuldar Harlem ehf. í samræmi við efni kaupsamnings frá 1. apríl 2014. Þetta sé í samræmi við þá meginreglu kröfuréttar um að greiðsla teljist hafa verið innt af hendi þegar hún sé komin til kröfuhafa. Byggt er á því að greiðslan sé öll riftanleg þar sem um hafi verið að ræða óvenjulegan greiðslueyri, hvort heldur ef litið sé til yfirtöku þriðja aðila á lánsamningi eða nýs lánsamning þriðja aðila til greiðslu á skuld. Þá byggir stefnandi á því að greidd hafi verið fjárhæð sem hafi skert greiðslugetu Harlem ehf. verulega, enda geti greiðslan ekki hafa virst eðlileg eftir atvikum. Byggt er á því að ekki skipti máli þótt félagið 22 niðri ehf. hafi átt aðild að því að koma greiðslunni í kring, enda hafi verið samið um það strax að þeir greiddu stefnda Vífilfelli hf.

Stefnandi byggir einnig á því að ofangreind ráðstöfun hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda Vífilfelli hf. til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og að hún hafi leitt til þess að eignir Harlem ehf. voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum, sbr. 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og fleira. Þá hafi Harlem ehf. verið ógjaldfært eða orðið það vegna umræddrar ráðstöfunar og stefndi Vífilfell hf. hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni þrotamannsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin var ótilhlýðileg. Varðandi skilyrði 141. gr. laganna, bendir stefnandi á að Harlem ehf. hafi verið með skráningu í vanskilaskrá á þessum tíma og stefndi Vífilfell hf. virðist hafa haft áhyggjur af fjárhagsstöðu Harlem ehf., en við uppflettingu 20. febrúar 2014 hafi gjaldfallin viðskiptaskuld Harlem ehf. við stefnda Vífilfell numið 3.716.658 krónur. Vegna tilkynningaskyldu samkvæmt samningi aðila bar Harlem ehf. að tilkynna um breytingar og því sé ljóst að stefndi Vífilfell hf. hafi haft fulla vitneskju um efni kaupsamnings Harlem ehf. og 22 niðri ehf.

Í bréfi f.h. stefnda Vífilfells 2. september 2015, þar sem riftun stefnanda var mótmælt sé m.a. vísað til þess að stefndi hafi notið „samningsbundins yfirtöku- og forgangsréttar til leigusamnings um það húsnæði sem rekstur Harlem var stundaður í“. Í viðaukasamningur við leigusamning aðila komi fram að stefnda sé veitt heimild til að yfirtaka réttindi Harlem ehf. varðandi leigusamning, komi til þess að leigusamningi verði rift, hann ógiltur eða honum sagt upp vegna vanskila,

riftunar, ógildingar eða uppsagnar á viðskiptasamningi eða ef gert er árangurslaust fjárnám í búi Harlem ehf. á leigutímanum. Sama gildi varðandi verulegar vanefndir á skyldum Harlem ehf. við stefnda samkvæmt viðskiptasamningi þeirra. Um ekkert slíkt hafi hins vegar verið að ræða, heldur hafi Harlem ehf. selt rekstur sinn o.fl. og var kaupverðið meðal annars greitt með yfirtekinni viðskiptaskuld Harlem ehf. við stefnda. Í stað þess að kaupverðið rynni til staðarins og yrði síðar til reiðu til fullnustu kröfuhöfum, hafi það runnið til stefnda Vífilfells hf.

Varðandi kröfu á hendur stefndu Dagnýju Ósk og Steindóri Grétari byggir stefnandi á því að þau hafi losnað undan sjálfskuldarábyrgð sinni vegna umræddrar riftanlegrar ráðstöfunar, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og fleira, en stefnandi telur að stefndu hafi vitað eða mátt vita um aðstæðurnar sem riftunarkrafan byggist á þegar þau losnuðu frá skuldbindingu sinni. Þar að auki séu stefndu nákominn þrotabúinu, sbr. 4. tl. 3. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 2. mgr. 147. gr. laganna, en stefndu voru stofnendur félagsins og höfðu þar prókúruumboð, auk þess sem stefndi Steindór Grétar hafi verið meðstjórnandi og framkvæmdastjóri félagsins. Þá hafi stefnda Dagný Ósk lýst því yfir við fyrirsvarsmann eins af kröfuhöfum stefnanda í samtali þann 7. maí 2014 að hún borgaði frekar „skuld sem [hún væri] í persónulegri ábyrgð fyrir en að borga aðra skuld“. Vegna vitneskju stefndu um þær aðstæður sem leiddu til þess að umræddar ráðstafanir voru ótilhlýðilegar kveðst stefnandi einnig byggja á 141. gr. laga nr. 21/1991. Ábyrgð stefndu Dagnýjar Óskar og Steindórs Grétars nái til 15.000.000 króna án virðisaukaskatts og séu þau því krafín in solidum um endurgreiðslu fjármunanna ásamt stefnda Vífilfelli hf.

Hvað varðar kröfu um endurgreiðslu er byggt á 142. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og fleira.

Dráttarvaxta er krafist frá 25. júní 2014 varðandi aðalkröfuna, en varðandi varakröfuna er miðað við dagsetningar afborgana lánsammans 22 niðri ehf. og stefnda Vífilfells hf.. Krafa um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafan um málskostnað er studd við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Varakrafa stefnanda er reist á sömu málsástæðum og lagarökum og aðalkrafa, en þar er aðeins krafist endurgreiðslu á afborgunum sem 22 niðri ehf. hafði þegar innt af hendi af lánessamningi 22 niðri ehf. og stefnda Vífilfells hf. Varakrafa stefnanda var óbreytt við aðalmeðferð málsins þrátt fyrir að í málinu liggi fyrir að innborganir hafi numið 5.510.610 krónum í júlí 2016.

III.

Stefndi Vífilfell hf. mótmælir því að skilyrði 134. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. fyrir riftun séu uppfyllt á þann hátt sem byggt er á af hálfu stefnanda.

Stefndi bendir á að kaupsamningur sá sem stefnandi grundvallar riftunarkröfu sína á var gerður 1. apríl 2014. Þótt stefndi hafi ekki vitað af tilvist eða efni þessa kaupsamnings feli hann í sér staðfestingu á því að á þessum tímamarki hafði 22 niðri ehf. tekið yfir rekstur í húsnæði stefnanda að Tryggvagötu 22 í Reykjavík, með leyfi stefnda. Sú ráðstöfun sem fólst í því að 22 niðri ehf. tæki yfir rekstur í húsnæðinu gegn yfirtöku á skuldum stefnanda við stefnda hafi því átt sér stað nærri 7 mánuðum fyrir frestdag. Þegar af þeirri ástæðu séu skilyrði 134. gr. ekki uppfyllt. Í því sambandi skipti ekki máli þótt skjalagerð vegna þessarar ráðstöfunar hafi lokið síðar.

Þá sé því mótmælt að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri. Óvenjulegur greiðslueyrir sé fyrir hendi þegar kröfuhafi samþykkir aðra greiðslu en upphaflega var samið um, t.d. tekur við lausafé í stað peninga. Í máli þessu sé ekki um neitt slíkt að ræða.

Stefnandi hafi staðið í skuld við stefnda, að hluta til vegna lánaþingreiðslu stefnda og að hluta til vegna reikningsviðskipta með drykkjarvörur til endursölu. Samkvæmt viðskiptasamningi aðila, hafi stefndi getað rift samningnum ef til kæmu verulegar vanefndir stefnanda, sbr. 9. gr. samningsins. Veruleg vanefnd fólst m.a. í vanskilum með greiðslur afborgana af vörukaupum eða viðskiptaskuldum sem stæðu lengur en í 30 daga, ef stefnandi leitaði nauðasamninga, gert væri hjá honum árangurslaust fjárnám eða bú hans tekið til gjaldþrotaskipta. Við riftun hafi stefnda verið heimilt að gjaldfella allar skuldbindingar stefnanda, lán og aðrar kröfur. Samkvæmt 10. gr. viðskiptasamnings hvíldi sú skylda jafnframt á stefnanda, ef til eigendaskipta kæmi á veitingastaðnum Harlem, að tryggja að nýr rekstraraðili tæki

við skyldum stefnanda samkvæmt samningnum, sbr. 10. gr. Samkvæmt 14. gr. myndaði viðskiptasamningurinn og tilgreind fylgiskjöl hans eina heild, þar á meðal voru lánasamningur og viðaukasamningur við leigusamning.

Samkvæmt framangreindu hafi ekki skipt máli hvort afborganir af lánasamningi kæmst í veruleg vanskil eða greiðslur vegna vörukaupa, í báðum tilvikum hafi stefndi getað rift samningnum og gjaldfelld allar skuldbindingar.

Stefndi vísar til viðaukasamnings við leigusamning um húsnæðið sem gerður var með með aðild og samþykki leigusala. Í honum hafi í 1. mgr. I. kafla verið vísað til viðskiptasamnings stefnanda og stefnda. Viðaukasamningurinn hafi mælt fyrir um heimild stefnda til að yfirtaka öll réttindi stefnanda hvað varðar leigusamning kæmi til þess að leigusamningi yrði sagt upp, hann ógiltur eða honum rift vegna m.a. vanskila, riftunar, ógildingar eða uppsagnar á viðskiptasamningnum milli stefnanda og stefnda sem og riftunar, ógildingar eða uppsagnar á leigusamningi. Mælt er fyrir um að veruleg vanefnd á viðskiptasamningi jafngilti verulegri vanefnd á leigusamningi.

Því hafi verið alveg ljóst að í vegna greiðsluferfiðleika hjá stefnanda hafi stefndi verið í þeirri samningsbundnu stöðu að geta tekið yfir húsaleigusamning stefnanda og fengið hann borinn útúr eigninni ef á þyrfti að halda. Augljóst sé að enginn rekstrar-grundvöllur sé fyrir veitingastað sem ekki hefur yfir húsnæði að ráða. Til viðbótar við framangreint hafi viðaukasamningurinn tryggt stefnda forleigurétt að húsnæðinu.

Stefndi kveðst benda á að handhöfn leiguréttinda að húsnæði sem nýta má undir veitingarekstur sé fjárhagslega verðmæt. Réttur stefnda til leigunnar og möguleiki stefnda til að framselja þann rétt til nýs rekstraraðila hafi gert stefnda kleyft að gera þá kröfu til slíks aðila að slíkur greiddi stefnda fyrir réttinn. Slíkar greiðslur fyrir aðgang að leiguréttindum séu stundum kallaðar lyklagjald. Stefndi hefði getað farið þá leið að setja verðmiða á leiguréttinn sem samsvaraði mati stefnda á verðmæti hans miðað við markaðskjör. Þess í stað hafi stefndi einfaldlega farið þá leið að setja þann verðmiða á réttinn sem samsvaraði skuld fyrri rekstraraðila við hann. Í tilviki þessa máls hafi 22 niðri ehf. fengið framseldan til sín leigusamning, sem leigutaki, með samþykki stefnda sem hafði stjórn á því hver fengi þann rétt til sín á eftir stefnanda. Gegn afhendingu leiguréttindanna greiddi 22 niðri ehf. fyrir með yfirtöku skulda stefnanda við stefnda sem gerður var nýr lánasamningur um. Ekkert sé óvenjulegt við þann greiðslueyri.

Enginn annar kröfuhafi hafi átt þann rétt til leigunnar sem stefndi átti. Það sé einfaldlega svo að kröfur sumra kröfuhafa séu betur tryggðar en annarra. Tryggingarréttindi stefnda hafi verið þinglýst og því mátt vera öllum viðsemjendum stefnanda kunnug.

Stefndi hafnar því að yfirtaka 22 niðri ehf. á skuldum stefnanda við stefnda hafi skert greiðslugetu stefnanda. Stefndi hafi ekki tekið við neinum verðmætum úr hendi stefnanda nema leiguréttinum sem stefndi átti samningsbundinn tryggingarétt í og ekki var hægt að ráðstafa nema með samþykki stefnda. Leiguréttindin sem um ræðir hafi aldrei getað verið verðmæti í hendi þrotabúsins, en slík réttindi falla niður við gjaldþrot samkvæmt b lið XIV. kafla leigusamningsins sjálfs. Verðmæti sem þrotabúið átti ekki og gat aldrei átt hafi því verið notað til að jafna kröfu eins kröfuhafa sem af þeim sökum lýsti ekki kröfu í búið. Staða þrotabúsins hafi því sannarlega ekki verið verri heldur þvert á móti betri fyrir vikið ef eitthvað er.

Hvað sem öðru líði, telur stefndi að yfirtaka 22 niðri ehf. á skuldum stefnanda við stefnda hafi verið venjuleg eftir atvikum.

Allt framangreint feli í sér að skilyrði 134. gr. fyrir riftun séu ekki uppfyllt í málinu.

Stefndi mótmælir því að ráðstöfun sú sem krafist er riftunar á af hálfu stefnanda hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og að hún hafi leitt til þess að eignir Harlem ehf. hafi ekki verið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum, sbr. 141. gr. laga nr. 21/1991. Vísar stefndi til framangreinds rökstuðnings. Þá er því mótmælt að Harlem hafi orðið ógjaldfært vegna ráðstöfunarinnar.

Ráðstöfun sem feli í sér brot á jafnræði kröfuhafa er að jafnaði ótilhlýðileg. Hin umþrætta ráðstöfun feli ekki í sér neitt slíkt brot enda var staða stefnda sem kröfuhafa ekki sambærileg stöðu annarra kröfuhafa sbr. framangreint.

Þá blasi við að ráðstöfunin hafi ekki leitt til þess að eignir þrotamannsins væru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiddu til skuldaaukningar. Ráðstöfunin hafi þvert á móti leitt til skuldalækkunar og forsenda hennar hafi verið ráðstöfunarréttur stefnda yfir leiguréttindum stefnanda sem þrotabúið átti ekki og gat aldrei átt né ráðstafað.

Stefndi mótmælir því að hann hafi haft fulla vitneskju um efni kaupsamnings Harlem ehf. og 22 niðri ehf. Fullyrðing stefnanda um þetta sé ósönnuð. Í því sambandi breyti engu þótt stefndi hafi fylgst með skráningum varðandi stefnanda á vanskilaskrá. Það sé eðlilegur þáttur í eftirliti stefnda með þeim viðskiptavinum sínum sem skulda honum fé. Stefndi mótmælir því að stefnandi hafi verið ógjaldfær þegar til þess kom að 22 niðri ehf., með samþykki stefnda, tók við leiguréttindum stefnanda og samdi við stefnda um endurgjald fyrir það í formi yfirtöku á skuldum stefnanda. Um þetta beri stefnandi sönnunarbyrðina og hafi ekki axlað þá byrði.

Stefndi mótmælir endurgreiðslukröfum stefnanda. Endurgreiðslukrafan sé reist á 142. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt því ákvæði skal sá sem hag hafði af riftanlegri ráðstöfun, ef riftun fer fram með stoð í 131. - 138. gr. laganna greiða þrotabúinu fé sem svarar til þess sem greiðsla þrotamannsins hefur orðið honum að notum, þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur tjóni þrotabúsins.

Hér kveðst stefndi benda í fyrsta lagi á að "greiðsla" 22 niðri ehf. á skuldum stefnanda, sem fólst þá í yfirtöku á skuldunum, geti aldrei talist hafa komið stefnda að notum nema að því marki sem 22 niðri hefur greitt lánið raunverulega niður. Til viðbótar liggi svo ekkert fyrir í málinu um að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni.

Stefnandi beri einnig sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi orðið fyrir tjóni þannig að samkvæmt 3. mgr. 142. gr. laganna skuli sá sem hag hafði af riftanlegri ráðstöfun, ef riftun fer fram skv. 139. eða 141. gr. laganna greiða bætur eftir almennum reglum. Slíkt tjón sé með öllu ósannað.

Verði ekki fallist á kröfu stefnda um algera sýknu af kröfum stefnanda telur stefndi felast í sýknukröfunni krafa um lækkun dómkrafna, sem byggð sé á öllum framangreindum málsástæðum.

Vaxtakröfu stefnanda er mótmælt. Engar forsendur standi til þess, fari svo að einhverjar kröfur stefnanda verði teknar til greina, að telja þær bera vexti fyrr en frá dómsuppsögudegi enda augljóst hvað sem öðru líði að verulegur vafi leiki á um grundvöll kröfu stefnanda og rökstuðningur fyrir grundvelli tölulegrar kröfugerðar sé engin.

Um lagarök vísar stefndi til fyrri lagatílvísana og um málskostnað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. einkum 129. og 130. gr.

IV.

Stefndu, Dagný og Steindór, byggja sýknukröfu sína í fyrsta lagi á aðildarskorti, sbr. 2. mgr. 16. gr. eml. enda hafi þau engan hag haft af hinni riftanlegu ráðstöfun í skilningi 142. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991.

Þannig sé ósannað að stefndu, Dagný og Steindór hafi losnað undan sjálfsskuldarábyrgð sinni gagnvart stefnda, Vífilfelli, vegna hinnar meintu riftanlegu ráðstöfunar, ábyrgðinni hafi ekki verið sagt upp eins og nauðsynlegt sé samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingunni. Því sé ekki loku fyrir það skotið að stefndi, Vífilfell, muni reyna að gera fjárkröfur á hendur stefndu, Dagnýju og Steindóri, verði félagið dæmt til þess að endurgreiða þrotabúinu fjármuni.

Stefndu kveða að í stefnu málsins sé fjárkrafa stefnanda á hendur stefndu, Dagnýju og Steindóri, grundvölluð á því að þau hafi losnað undan sjálfsskuldarábyrgð sinni, sbr. 1. mgr. 147. gr. laganna, gagnvart stefnda, Vífilfelli hf., vegna tiltekinnar ráðstöfunar sem fullyrt sé að sé riftanleg m.a. á grundvelli 134. gr. laganna. Hin meinta riftanlega ráðstöfun hafi falist að mati skiptastjóra í því að félagið 22 niðri ehf. greiddi skuld Harlem ehf. við Vífilfell hf.

Stefndu benda á að yfirtaka 22 niðri ehf. á áðurgreindri viðskiptaskuld átti sér stað þann 1. apríl 2014 og hafi greiðslan ekki farið fram á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, sem var þann 28. október 2014 og sé því ekki riftanleg. Engu máli skipti þó aðilar hafi ekki gengið frá nýjum láns- eða viðskiptasamningum fyrir en síðar. Af gögnum málsins megi ráða að stefndi, Vífilfell, hafi verið samþykkt ráðstöfuninni enda beitti félagið engum vanefndaúrræðum.

Stefndu, Dagný og Steindór, mótmæla því að ráðstöfunin feli í sér greiðslu með óvenjulegum greiðslueyri. Af gögnum málsins megi sjá að stefndi, Vífilfell, hafi haft tvenns konar tryggingar fyrir efndum Harlem ehf. vegna skuldbindinga þess við félagið. Annars vegar sjálfsskuldarábyrgð stefndu, Dagnýjar og Steindórs og hins vegar naut félagið sammingsbundins yfirtöku- og forgangsréttar til leigusamnings um það húsnæði sem rekstur Harlem var stundaður í, sbr. viðauka við leigusamning.

Þegar rekstur Harlem hafi stöðvast hafi verið samið um að félagið 22 niðri ehf. tæki umrædd leiguréttindi yfir gegn því að standa skil á greiðslum til stefnda, Vífilfells hf. sem jafngilda skuldbindingum fyrri rekstraraðila, þ.e. Harlem ehf. Nákvæmlega

sami háttur var hafður á þegar óstofnað einkahlutafélag sem varð Harlem ehf. tók yfir skuldbindingar Þýska barsins ehf. við stefnda, Vífilfell, þann 24. nóvember 2012.

-

Stefndu, Dagný og Steindór, mótmæla því að ráðstöfunin hafi skert greiðslugetu Harlem ehf. Áðurgreindur yfirtöku- og forgangsréttur stefnda, Vífilfells, til leigusamnings um það húsnæði sem rekstur Harlem var stundaður í hafi ekki verið og hafi aldrei getað verið á hendi stefnanda enda falli leiguréttindi af því sem sem Harlem ehf. átti tilkall til niður við gjaldþrot gagnvart þrotabúinu.

-

Þá hafna stefndu Dagný og Steindór, því að greiðslan hafi ekki verið eðlileg eftir atvikum. Í því sambandi benda þau á að stefndi, Vífilfell, var í fullum rétti að framselja, með samþykki leigusala, þau leiguréttindi sem félagið naut til 22 niðri ehf. gegn greiðslu frá því félagi sem jafngilti töpuðum skuldbindingum Harlem ehf. gagnvart stefnda, Vífilfelli hf. Þá hafi sambærilegar greiðslur átt sér stað áður í tengslum við breytingar á rekstri í húsnæðinu.

-

Stefndu benda á að hefði 22. niðri ehf. ekki yfirtekið framangreinda viðskiptaskuld við stefnda, Vífilfell, sem endurgjald fyrir leiguréttindi, þá hefði ekki verið til staðar neitt andlag í formi reksturs og viðskiptavildar sem Harlem ehf. hefði getað selt, enda hefði þá Vífilfell ehf. nýtt sér forgangsrétt sinn til leigu, sbr. 1. gr. viðaukasamnings við leigusamning og framselt svo réttindin til þriðja aðila.

-

Stefndu mótmæla því að skilyrðum 141. gr. laga nr. 21/1991 sé fullnægt en þar sé gert að skilyrði að ráðstöfunin hafi verið ótilhlýðileg og að uppfylla þurfi öll skilyrði ákvæðisins.

Stefndu, Dagný og Steindór, hafna því að greiðslan sem krafist var riftunar á hafi verið stefnda, Vífilfelli til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa. Sem rök fyrir framangreindu vísa stefndu, Dagný og Steindór, til framangreindra röksemda.

Stefndu, hafna því einnig með vísan til framangreinds að greiðslan sem krafist er riftunar á hafi leitt til þess að eignir Harlem hafi ekki verið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum.

Þá telja stefndu að stefnandi hafi með engu móti sýnt fram á að hann hafi verið ógjaldfær á þeim tíma sem hin meinta riftanlega greiðsla fór fram. Um það beri hann sönnunarbyrði. Stefndu, benda á að þær skráningar sem félagið hafði í

vanskilaskrá á þessum tíma hafi ekki verið vegna alvarlega vanskila heldur hafi annars vegar verið um að ræða skráningu vegna áritaðrar stefnu og hins vegar vegna greiðsluáskorunar, í báðum tilvikum vegna lágra fjárkrafa. Í ljósi framangreinds telja stefndu, ósannað að Harlem ehf. hafi verið ógjaldfært eða hafi orðið ógjaldfært við hina hina meintu riftanlegu ráðstöfun.

Stefndu, krefjast sýknu af aðalkröfu stefnanda á þeim grundvelli að skilyrði 1. mgr. 147. gr. laga nr. 21/1991 séu ekki uppfyllt. Það sé fortakslaust skilyrði samkvæmt ákvæðinu að þriðji maður hafi losnað frá skuldbindingu en ósannað er að það eigi við í tilviki stefndu, Dagnýjar og Steindórs.

Í yfirlýsingu um sjálfsskuldarábyrgð vegna skulda við Vífilfell hf. sem stefndu, Dagný og Steindór rituðu undir segir eftirfarandi: „Sjálfsskuldarábyrgðin stendur frá útgáfudegi og þar til henni hefur verið sagt upp“. Stefnandi hafi engin gögn lagt fram um að stefndi, Vífilfell, hafi sagt upp áðurgreindri sjálfsskuldarábyrgð og því sé ósannað að stefndu, hafi losnað undan sjálfsskuldarábyrgðinni.

Stefndu, krefjast sýknu af endurgreiðslukröfu stefnanda enda liggja ljóst fyrir að þau hafi með engu móti haft hag af hinni meintu riftanlegu ráðstöfun.

Ef fallist verði á kröfur stefnanda er á því byggt af hálfu stefndu, Dagnýjar og Steindórs, að atvik þessa mál séu með þeim hætti að fella skuli kröfuna niður eða lækka hana með vísan til 145. gr. laga nr. 21/1991.

Þá telja stefndu að sýkna beri þau af fjárkröfu stefnanda þar sem meint tjón stefnanda sé ofmetið. Í þessu sambandi sé bent á að aðalkrafa stefnanda nemur 12.451.379 krónum auk vaxta þrátt að fyrir gögn málsins staðfesti að 22. niðri ehf. hafi aðeins greitt kr. 3.061.450,- til stefnda, Vífilfells en stefndu telja að meint fjártjón stefnanda geti aldrei numið hærri fjárhæð en þeirri sem 22 niðri ehf. hafi greitt til stefnda, Vífilfells, þegar mál þetta var höfðað.

Stefndu mótmæla því að endurgreiðslukrafan skuli bera dráttarvexti. Inntak endurgreiðslureglu 142. gr. sé skýrt, að sá sem þola þurfi riftun, verði að endurgreiða þrotabúinu fé, þ.e. peningagreiðslu, sem svari til þeirra verðmæta sem hann fékk, þ.e. í formi peninga eða annars, s.s. niðurfelldra ábyrgða. Af þessu megi sjá að engin lagaheimild sé fyrir greiðslu vaxta af kröfum á grundvelli 142. gr. laganna.

Ef fallist verður á vexti þá mótmæla stefndu upphafstíma dráttarvaxta skv. kröfu stefnanda. Stefnandi hafi aldrei sent stefndu, Dagnýju og Steindóri, innheimtubréf eða riftunaryfirlýsingu, sem stefndu hafa getað tekið afstöðu til fyrr en stefna var birt þann 25. september 2015. Ef dómurinn fallist á fjárkröfu stefnanda þá byggja stefndu, á því að ekki séu efni til að fallist á dráttarvaxtakröfu hans fyrr en í fyrsta lagi frá þingfestingardegi stefnu.

Stefndu krefjast sýknu af varakröfu stefnanda með vísan til framangreindra röksemda þ.e. þeirra sem um varakröfuna geta gilt. Hið sama á við um vaxtakröfur stefnanda.

V.

Í niðurstöðu verður með tilvísun til stefnda einungis átt við stefnda Vífilfell hf., nú Coca-Cola European Partners Ísland ehf., nema annað sé tekið fram.

Af framlögðum skjölum málsins og framburði fyrir dómi, verður að mati dómsins ráðið með nokkuð skýrum hætti að þau viðskipti sem urðu til þess að nýr aðili tók við greiðslu á skuld Harlem við stefnda hefðu aldrei litið dagsins ljós nema með samþykki stefnda. Aðilaskipti í rekstrinum voru þannig samkvæmt lánasamningi Vífilfells og Harlem háð því að tryggt væri að nýr aðili tæki við öllum skuldbindingum hins fyrri gagnvart stefnda. Jafnframt skyldi fyrri eigandi rekstrarins ábyrgjast efnidir nýs eiganda allt þar til stefndi leysti hann með sérstakri yfirlýsingu undan þeirri skyldu. Þá var stefnda samkvæmt viðaukasamningi í lófa lagið að yfirtaka leigusamning um húsnæðið ef ekki yrði tryggt yfirtaka á viðskiptaskuld við hann og samþykkis aflað. Ekki er hægt að líta svo á að sökum þess að stefndi beitti ekki vanefndaúrræðum í málinu heldur samþykkti framsal, hafi hann misst einhver þau réttindi sem framangreindir samningar veittu honum.

Fallist verður á að leiguréttur eins og sá sem um ræðir í málinu sé verðmætur og jafnframt að hann sé grundvallaratriði í rekstri sem þessum. Fyrrum forsvarsmaður stefnanda tók reyndar svo djúpt í árinna að segja staðinn verðlausan án leiguréttarins. Þannig skiptir sköpum að mati dómsins fyrir starfsemi eins og hér um ræðir að í gildi sé leigusamningur um húsnæði á vænlegum stað. Ekki er sjáanlegur ágreiningur í málinu um þetta en stefnandi hefur þó haldið því fram að önnur verðmæti sem seld voru með kaupsamningnum 1. apríl 2014 hafi verið talsverð en ekkert liggur þó nákvæmlega fyrir um skilin þarna á milli. Fyrrum fyrirsvarsmaður stefnanda sagði reyndar í skýrslutöku hjá skiptastjóra 15. janúar 2015, að engin eignaukning hafi orðið frá því Harlem keypti reksturinn og fram að

sölu. Það endurspeglast reyndar ekki í samanburði á kaup- og söluverði, en á þeim mun kunnu að vera aðrar skýringar.

Hitt liggur fyrir að kaupandi rekstrarins og nýr leigutaki var reiðubúinn að tryggja sér leiguréttinn með því að yfirtaka þá skuld sem Harlem stóð í við stefnda við gerð kaupsamningsins og því má líta svo á að það hafi í raun verið kaupverð réttarins.

Þetta skiptir máli því ekki verður betur séð en að verðmæti sem fólust í leigusamningum hafi aldrei getað nýst þrotabúinu og leitt til eignaaukningar í félaginu kröfuhöfum til hagsbóta nema stefndi hefði samþykkt slíka ráðstöfun, en í því hefði verið fólgin örlætisgerningur stefnda gagnvart stefnanda umfram skyldu. Þá verður litið til þess að ef stefndi hefði ekkert aðhafst og synjað um yfirtöku nýs aðila þá hefði leigusamningurinn fallið niður við gjaldþrotaskipti skv. beinu ákvæði í samningnum. Því er ekki hægt að líta svo á að þessir löggerningar hafi orðið búinu til tjóns. Öðru máli hefði gegnt ef tekist hefði að sanna að leigurétturinn væri minna virði en greitt var í raun fyrir hann en slíkur mismunur hefði þá að óbreyttu átt að ganga til þrotabúsins. Engin slík sönnun hefur verið reynd en telja verður með vísan til framangreinds að sönnunarbyrði um þetta hvíli á stefnanda. Því verður litið svo á að eðlilegt verð hafi verið greitt fyrir leiguréttinn enda stefnukröfur í raun ekki byggðar á hinu gagnstæða. Þá hefur engum málsástæðum verði hreyft um að hægt sé að vefengja með einhverju móti þá samninga sem grundvölluðu réttarstöðu stefnda.

Þegar af framangreindum ástæðum verður stefndi Coca - Cola European Partners Ísland ehf. sýknaður af kröfum stefnanda. Er þá jafnframt óhjákvæmilegt að sýkna einnig meðstefndu Dagnýju Ósk og Steinþór Grétar, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.v enda verið komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið um að ræða ríftanlega greiðslu til stefnda Vífilfells hf.

Með vísan til framangreinds og 1. mgr. 130. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, er óhjákvæmilegt að dæma stefnanda til að greiða stefnda Coca-Cola European Partners Ísland ehf., áður Vífilfell hf. málskostnað sem telst hæfilegur 800.000 krónur. Jafnframt greiði stefnandi stefndu Dagnýju Ósk og Steinþóri Grétari 400.000 krónur til hvors. Við ákvörðun málskostnaðar er litið til tímaskýrslu, fjölda þinghalda og þess að málið var flutt sérstaklega um frávísunarkröfu stefndu.

Af hálfu stefnanda flutti málið Diljá Mist Einarsdóttir héraðsdómslögmaður. Af hálfu stefnda Coca-Cola European Partners Ísland ehf. flutti málið Heimir Örn Herbertsson hæstaréttarlögmaður og af hálfu stefndu Dagnýjar Ósk og Steinþórs Grétars, Ólafur Hvanndal Ólafsson héraðsdómslögmaður.

Dómsuppkvaðning hefur dregist fram yfir frest samkvæmt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, en aðilar og dómari voru sammála um að ekki væri þörf á endurflutningi málsins.

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Stefndu, Coca-Cola European Partners Ísland ehf., Dagný Ósk Aradóttir Pind og Steindór Grétar Jónsson eru sýknuð af kröfum þrotabús Harlem ehf.

Stefnandi greiði stefnda Coca - Cola European Partners Ísland ehf. 800.000 krónur í málskostnað og stefndu Dagnýju Ósk Aradóttur Pind og Steindóri Grétari Jónssyni hvoru um sig 400.000 krónur í málskostnað.

Lárentsínus Kristjánsson